

## 1. Tilgangur

Tilgangur verklýsingarinnar er að tryggja að við setningu nýrrar rafveitu sé fullnægt kröfum varðandi ábyrgðarmann raforkuvirkja og innri öryggisstjórnun þeirra með það að markmiði að tryggja, eins og frekast er unnt, öryggi raforkuvirkja og sanngjarna málsmeðferð. Með rafveitu er hér átt við rafveitur, iðjuver, einkarafstöðvar og smávirðjanir. Smávirðjanir eru virðjanir með minna málafli en 300 kVA. Smávirðjunum og einkarafstöðvum geta fylgt dreifikerfi sem teljast vera hluti þeirra.

## 2. Framkvæmd

### 2.1. Ábyrgðarmenn

#### 2.1.1. Kröfur um upplýsingar og hæfi ábyrgðarmanna

Ábyrgðartilkyning skal vera rétt útfyllt. Ennfremur skal senda afrit vottorða með tilkyningu, nema það hafi áður verið gert, og loks skal hæfisskilyrðum gr. 1.4 í rur fullnægt.

#### 2.1.2. Kröfur um búsetu og / aðra starfsemi

Ekki skal staðfesta ábyrgðartilkyningu uppfylli ábyrgðarmaður ekki skilyrði um búsetu eða aðra starfsemi, nema gerðar séu viðeigandi ráðstafanir. Þær ráðstafanir geta verið að tilnefna hæfan fulltrúa ábyrgðarmanns sem uppfyllir þessar kröfur, eða gera á annan hátt grein fyrir því hvernig starfsskyldum ábyrgðarmanns verði sinnt með viðunandi hætti.

Þegar um að ræða smávirðjun, iðjuver eða einkarafstöð er gerð undanþága frá kröfum um búsetu eða aðra starfsemi. Í slíkum tilvikum er ekki þörf á tilnefningu fulltrúa, sé slíkur engu að síður tilnefndur skal hann uppfylla hæfiskröfur ábyrgðarmanns.

#### 2.1.3. Aðrar hæfiskröfur ábyrgðarmanna

Ábyrgðarmenn smávirðjana og einkarafstöðva skulu a.m.k. uppfylla hæfiskröfur í 1.4.3

#### 2.1.4. Um samskipti rafveitu við Brunamálastofnun

Ábyrgðarmaður annast öll samskipti rafveitu við Brunamálastofnun. Hann getur þó tilnefnt starfsmann til þess að annast regluleg samskipti, (sjá VL 6 og VL 7), en hlutverk viðkomandi starfsmanns sem tengiliðar verður þá að vera skilgreint í öryggisstjórnunarkerfi rafveitunnar.

### 2.2. Um öryggisstjórnunarkerfi smávirðjana og einkarafstöðva.

Nægjanlegt er að öryggisstjórnunarkerfi ábyrgðarmanns smávirðjana uppfylli töluliði 1 og 2 í gr. 5.2 í rur, ef uppfyllt er krafa um heildarskoðun háspennuhluta viðkomandi virkis á minnst 5 ára fresti.

Ef löggiltur rafverktaki er ábyrgðarmaður smávirðjunar, er heimilt að öryggisstjórnunarkerfi hans vegna smávirðjunarinnar sé hluti af öryggisstjórnunarkerfi hans

<b>Brunamálastofnun</b> <b>VERKLÝSING VL 8</b> <b>Setning rafveitu, staðfesting ábyrgðarmanns og</b> <b>viðurkenning á öryggisstjórnunarkerfi rafveitu</b>	Skjal nr.	VL 8
	Útgáfa	02
	Dags.	09.04.2010
	Bls.	2 af 3

sem rafverktaka. Það er þó skilyrt því að í öryggisstjórnunarkerfi hans sé sérstaklega tekið á því sem að smávirkjuninni snýr á þann hátt að fullnægi tölulíðum 1 og 2 í gr. 5.2 í rur.

Öryggisstjórnunarkerfi smávirkjana og einkarafstöðva skal jafnframt taka til dreifikerfis sem þeim tilheyrir. Skoðanir smávirkjana og einkarafstöðva skulu einnig ná til dreifikerfisins.

### 2.3. *Um ytri skoðanir*

#### 2.3.1. *Samningur við skoðunarstofu*

Að lokinni staðfestingu ábyrgðartilkyningar skal ábyrgðarmaður semja við skoðunarstofu um skoðun öryggisstjórnunarkerfis. Tilkyning um samninginn skal send Brunamálastofnun, sjá VL 7.

#### 2.3.2. *Skoðun á öryggisstjórnunarkerfi*

Við skoðun á öryggisstjórnunarkerfi rafveitu skal fylgja VLR 3 eða VLR 11 ef um er að ræða löggiltan rafverktaka sem er ábyrgðarmaður smávirkjunar.

### 2.4. *Skilyrði fyrir viðurkenningu á öryggisstjórnunarkerfi*

Ef um nýja rafveitu er að ræða skal liggja fyrir skýrsla skoðunarstofu um öryggisstjórnunarkerfi án athugasemda í 3. flokki og ennfremur yfirlýsing rafveitu um fullnægjandi úrbætur vegna athugasemda í 2. flokki.

### 2.5. *Skilyrði fyrir tengingu við dreifikerfi*

#### 2.5.1. *Tenging smávirkjunar*

Skilyrðum fyrir setningu smávirkjunar er lýst í VL 5. Ábyrgðarmaður rafveitu, sem dreifir raforku smávirkjunar, skal ekki heimila tengingu smávirkjunar nema að fyrir liggi viðurkenning Brunamálastofnunar á öryggisstjórnunarkerfi smávirkjunarinnar.

#### 2.5.2. *Tenging rafveitu*

Ábyrgðarmaður rafveitu sem dreifir raforku hinnar nýju rafveitu skal ekki heimila tengingu nema að fyrir liggi viðurkenning Brunamálastofnunar á öryggisstjórnunarkerfi rafveitunnar sem tengja skal.

### 2.6. *Eftir viðurkenningu öryggisstjórnunarkerfis*

Eftir að Brunamálastofnun hefur viðurkennt öryggisstjórnunarkerfi rafveitu skal :

- Rafveita gera samning um viðhaldsskoðanir, (sjá VLR 3). Skal í viðhaldsskoðun taka fyrir alla hluta öryggisstjórnunarkerfis á fyrstu þremur árum eftir viðurkenningu þess og síðan reglulega.
- Rafveita sem uppfyllir skilyrði þess að teljast smávirkjun láta gera skoðun á öllum virkjum veitunnar á 5 ára fresti.

<b>Brunamálastofnun</b>	Skjal nr.	VL 8
<b>VERKLÝSING VL 8</b>	Útgáfa	02
<b>Setning rafveitu, staðfesting ábyrgðarmanns og</b>	Dags.	09.04.2010
<b>viðurkenning á öryggisstjórnunarkerfi rafveitu</b>	Bls.	3 af 3

### 3. Tilvísanir

#### 3.1. Fyrirmæli, skjöl og eyðublöð

- BST 3.081. Setning rafveitu.